

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS.

Fundur nr 1852

Ár 2010, þriðjudaginn 27. Júlí bæjarráð saman til fundar kl 16:00 á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Anna Guðrún Edvardsdóttir, María Elíasabet Jakobsdóttir, Ketill Elíasson og Halla Signý Kristjánsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð umhverfismálaráðs Bolungarvíkur frá 20. júlí 2010.

Bæjarráð tekur undir bókun umhverfismálaráðs undir öðrum lið fundargerðarinnar sem segir svo:

Umhverfismálaráð telur, með hliðsjón af framlögðum gögnum að ekki sé ástæðan til að viðbætur við snjóflóðavarnir austan við núverandi framkvæmdasvæði snjóflóðavarna fari í umhverfismat. Ráðið tekur undir niðurstöðu tilkynningar til Skipulagsstofnunar að áhrif viðbótar við snjóflóðavarnir séu óverulegar enda viðbótarsvæðið nú þegar raskað vegna fyrri framkvæmda.

Fundargerðin samþykkt.

2. Vatnssýni tekin 13. júlí sl. uppfyllir gæðakröfur.

Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dagsett 19. júlí 2010

10 07 016

Kynnt.

3. Önnur mál.

- a) Arnheiður Jónsdóttir, starfsmaður undirhóps um yfirfærslu málefni fatlaðara til sveitarfélaga, getur komið til fundar við bæjarstjórn og velferðaráð þriðjudaginn 17. ágúst. Bæjarstjóra falið að boða tl fundarins.
- b) Elías Jónatansson bæjarstjóri er í sumarfrí frá 26. júlí til 16. ágúst á meðan gegnir Halla Signý Kristjánsdóttir störfum bæjarstjóra.

Fundi slitið kl 16:37

Anna G. Edvardsdóttir

Ketill Elíasson

María Elíasabet Jakobsdóttir

Halla Signý Kristjánsdóttir